

Mættir : Björn Sigurðsson formaður, Hilmar Örn Jónasson, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Viktoría Gísladóttir gjaldkeri, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Júlía Þorvaldsdóttir varaformaður, Elsa María Guðmundsdóttir, Emil Örn Harðarson móta- og miðlunarstjóri, Hörður Oddfríðarson ritari, Leifur Guðni Grétarsson og Oddur Örnólfsson.

Afboða, mæta ekki : Hrafnhildur Lúthersdóttir varastjórn.

Fundur 25.03.2020 settur kl. 18.30. Fundurinn var fjarfundur

1. COVID-19

- a. Á þessum fundi voru eingöngu til umræðu aðgerðir sem grípa þarf til við COVID-19 faraldrinum sem skekur heimsbyggðin og hefur áhrif á allt íþróttastarf.

2. Almenn frá félögum

- a. Stjórnarmenn sögðu frá hvað er að gerast í þeim félögum sem þeir þekkja til í. Það virðist það sama vera upp á teningnum allstaðar þ.e það eru engar skipulagðar æfingar í gangi. Þjálfarar eru duglegir að senda sínu fólki æfingar til að halda þeim í formi. Félög hafa tekið mjög vel á þessum aðstæðum en óhjákvæmilegt er að þetta hafi áhrif á rekstur þeirra og eru flest félög að bregðast við því m.v með því að nýja sér aðgerðir ríkisstjórnar eins og hægt er.

3. Stjórn samþykkti að senda frá sér eftirfarandi tilkynningu vegna faraldursins:

„Stjórn Sundsambands Íslands þakkar öllum aðildarfélögum fyrir skjót og fagleg viðbrögð við fyrirmælum stjórnvalda vegna COVID-19 faraldursins sem nú skekur heimsbyggðina. Nær öllum íþróttaviðburðum á heimsvísu, stórum og smáum, hefur nú verið frestað vegna faraldursins og það sama gildir um öll íþróttamót hér á landi. Ólympiuleikum hefur verið frestað til ársins 2021.

EM50 hefur verið frestað fram í ágúst hið minnsta, sama gildir um EMU og væntanlega mun NÆM fylgja í kjölfarið. SSÍ mótunum ÍM50 og IMOC hefur verið frestað en AMÍ er ennþá dagsett 12.-14.júní að því gefnu að samkomubanni ljúki 12.apríl. Mótunum hefur ekki verið aflýst og stjórn SSÍ mun ákveða nýjar dagsetningar þegar aðstæður skapast í samræmi við tilmæli stjórnvalda / ÍSÍ og að höfðu samráði við sundhreyfinguna. Engar ákvarðanir verða þó tilkynntar fyrr en samkomubann hefur verið afnumið, en stjórn SSÍ fylgist mjög vel með gangi mála og hefur þegar teiknað upp ýmsar sviðsmyndir til að undirbúa þá vinnu sem framundan er. Við þá vinnu verður reynt að taka tillit til þess tíma sem sundfólk þarf til að koma sér aftur í keppnisform og á það aðallega við um ÍM50.

SSÍ er gríðarlega stolt af því að sjá hversu vel þjálfarar og sundfólk nýta þessa skritnu tíma til þess að halda sér í góðu líkamlegu og andlegu formi með aðstoð tækninnar. Hvatning og dugnaður eintaklinga á samfélagsmiðlum er mikill hvort sem það er innan félaga eða félaga á milli. Þessi samheldni er til fyrirmyndar og er ástæða þess að sundfólk er meðal fremsta íþróttafólks landsins.“

6. Mótamál

- a. Stjórn hefur sett saman plön varandi tímasetningar næstu móta sem eru ÍM50, IMOC og AMÍ m.v þróun faraldurs og hvenær starf í félögum verður komið á fullt aftur. Unnið er með nokkrar sviðsmyndir sem kynnt verða þegar að meira er vita.

9. Aðsend bréf vegna COVID-19 faraldurs

Dags	Efni	Sendandi
-------------	-------------	-----------------

Móttekið

11. Önnur mál

Engin önnur mál voru til umræðu

Fundi slitið kl. 19:00